

## FUNDARGERÐ

398. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 31. október 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkeldsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Staðan að loknum kosningum – næstu skref FEB

Formaður skýrði frá að ákveðið hafi verið að halda stjórnarfund nú strax eftir kosningar á óhefðbundnum fundardegi og fara yfir stöðuna. Sitt sýnist hverjum – hægt að gleðjast yfir þeim heitstrengingum flokka og frambjóðenda um að gera vel við eldri borgara. Ekki bara að laga þurfi of lágt frítekjumark. Mikilvægt er að okkar rödd eldri borgara heyrst í stjórnarmyndunarviðræðum – ekki má þar eingöngu einblína á frítekjumark atvinnutekna. Frítekjumörk gagnvart öllum tekjum verði hækkuð. 100 þúsund kr. er ekki nægjanlegt, ætti að vera 191 þús. kr. ef hefði fylgt vísitölu.

Margt annað rætt þessu tengt og þar á meðal komandi kjarasamningar, hugsanleg aðkoma félagsins og lág laun þeirra sem starfa á stofnunum fyrir aldraða og afleiðingar þeirrar láglaukastefnu.

Óhjákvæmilegt að vinna með LEB.

Talað verði strax við fulltrúa þeirra flokka sem munu / ætla að mynda næstu ríkisstjórn líkt og gert var við síðustu stjórnarmyndunarviðræður.

Einnig nefnt með þátttöku í 1. maí baráttu / hátíðahöldum á næsta ári.

Staðan betri en fyrir kosningar að því leyti að allir flokkar komu fram með „loforð“ hækkun frítekjumarks á atvinnutekjur.

Ekki taka öll baráttumál eldri borgara fyrir í einu heldur vinna út 3 mál sem unnið verði með nú í fyrstu.

### 2. Kynning Hauks Arnþórssonar og samstarf við / kaup á vinnuframlagi

Haukur kom inn á fundinn og kynnti verk sitt sem yðir að taka að sér að greina fjárhagslega stöðu aldraða á síðustu 10 árum. Formaður hefur verið í tengslum við Hauk og tekur málið áfram væntanlega í samstarfi við LEB.

### 4. Lækkun fasteignagjalda í Reykjavík

Viðræður FEB við Dag B. Eggertsson borgarstjóra hafa skilað sér í því að þann 26. okt. var lögð fram tillaga borgarstjóra um að lækka fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði úr 0,2% í 0,18% af fasteignamati. Þá voru samþykktir auknir afslættir af fasteignagjöldum og fráveitugjöldum til eldri borgara og öryrkja sem mið taka af tekjum þeirra. Þessi lækkun gjalda er gerð til milda áhrifin af fasteignaverðshækkunum sem koma sérstaklega niður á eldri borgurum.

### 6. Önnur mál

Sviðaveisla félagsins n.k. laugardag 4. nóv. kl. 12.00. Fullbókað og mikill áhugi.

Formaður skýrði frá vinnu sinni í hópi sem er að skila af sér Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022

Árskógar fálagsmiðstöð og umræða hvers vegna FEB hefur ekki náð þar fótfestu.

Kjaranefnd frekari umræða þar sem skýrt var frá ósk LEB um samstöðu.

Spurt um stöðu áhvílandi láns á Stangarhylnum.

Með batnandi efnahag félagsins hefur verulega verið greitt inn á lánið og stendur það nú í 37 milljónum króna með mánaðarlegar afborganir upp á 250 þús kr.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.45.

Samþykkt;